

1/2 1975

Garðar Jónsson.

S T A R F S S K Ý R S L A F Y R I R Á R I Ð

1 9 7 4.

Suðurlandsumdæmi.

L. Veðurfar ársins.

Veturinn frá áramótum var óvenju mildur, nokkurt frost í janúar, en úr því var milt veður til vors. Klaki í jörðu sem var orðinn um 80 cm. um áramót, þiðnaði smátt og smátt um veturinn og var gjörsamlega horfinn síðast í apríl, enda var aprílmánuður óvenju mildur, þó sá aldrei til sólar allan mánuðinn. Vorið óvenju gott. Páll Bergþórsson veðurfræðingur sagði í sjónvarpi 19 maí, að ekki hefði vorað eins vel í loo ár eins og í vor. Tvær frostnætur komu síðast í maí 28 og 29. Sumarið, Júní - júlí - ágúst var gott og sólríkt, veðurskýrslur segja það þó heldur kalt. September - október - nóvember voru nokkuð úrkomusamir en oftast þó ágætis veður. Í desember fraus nokkuð og mikinn snjó setti niður í uppsveitum. Rok og umhleypingar um jól og áramót. Um áramót var klaki í jörðu um 40 cm., þó skal tekið fram að klakalaust var í skóginum í Haukadal og Þjórsárdal. Þar setti niður um 70 - 80 cm jafnfallinn snjó um mánaðarmótin nóvember - desember.

2. Vöxtur og þrif trjágróðurs:

A. Laufgun og lauffall.

Laufgun tel ég að hafi verið 16 maí, en lauffall 16 september. Síðasta vorfrost varð 29 maí.

B. Skaðar á trjágróðri.

Fyrripart sumars var mikill birkimaðkur í Haukadal og Þjórsárdal og Skarfanesi. Svona mikinn maðk hef ég ekki séð hér í 30 ár. Skógurinn varð bókstaflega svartur af maðki á köflum. Síðsumars náði skógurinn sér furðanlega vel. Á Þórsmörk var aftur á móti ekki eins mikill maðkur. Í frostunum síðast í maí kól mikið af smáplöntum og hreinlega drápust. Mannhæðarháar greniplöntur kólu upp að miðju, voru það aðeins nýju árssprotarnir sem komnir voru svo snemma vegna hins góða ov vors.

C. Ársvöxtur.

Þó veðurskýrslur telji sumarið heldur kalt var ársvöxturinn í góðu meðallagi. Ég miða ársvöxt við sitkagreni í Selhöfðum í Þjórsárdal. Síðastliðin 3 ár hefur ársvöxtur verið þar mjög jafn, um 30 - 35 cm að meðaltali, svo var einnig í sumar.

D. Fræfall.

Birkifræ var mjög lítið hér á Suðurlandi í haust, og litlu safnað, þó var gerð ferð austur í Skaftafell til söfnunar en árangur lítill. Á sitkagreni og rauðgreni var óvenju mikið af könglum, og var því safnað eins og hægt var.

3. Starfsfólk á árinu 1974.

	j	f	m	a	m	j	j	á	s	o	n	d	
Karlar	1	1	1	1	7	10	14	13	10	1	3	1	63
Konur						1	2	2			1		6
	1	1	1	1	7	11	16	15	10	1	4	1	69

Allar kaupgreiðslur Skógræktar Ríkisins til þessa fólks á árinu 1974 urðu sem hér segir:

	1974	1973
Laun	2.374.500,00	1.262.298,00
Sparimerki	204.554,00	126.232,00
Lífeyrissjóður		
Starfsfólkið 4%	25.754,00	35.779,00
Skógræktin 6%	49.831,00	53.818,00
Orlofspeningar	96.735,00	53.748,00

Matreiðsludagar ráðskonu urðu 77 (50), en alls voru greiddir fæðispeningar í 435 daga (279) og í peningum urðu það 154.020,00 (60.530,00).

Tryggingarskildar vinnustundir urðu 5.264 (3.821) og hjá vikukaupsfólki 72 (59) vikur.

Á mánuði skiptast kaupgreiðslur þannig:

Janúar - maí	338.083,00	273.548,00
Júní	443.173,00	217.996,00
Júlí	512.256,00	249.813,00
ágúst	479.414,00	153.187,00
Sept - des	373.148,00	367.754,00

Að jafnaði voru unnar 40 stundir í dagvinnu og 10 stundir í eftirvinnu í viku hverri. Ekki var unnið á laugardögum.

Umsjónarmaður í Þjórsárdal tók sína vinnu sem auka-vinnu og vann aðeins um helgar við umsjónina.

4. Girðingar.

A. Nýjar girðingar.

Á Laugarvatni var í sumar framhaldið girðingu sem byrjað var á í fyrrahaust. Í ársskýrslu 1973 er lýst legu girðingarinnar og er lítið meira um það að segja. Girðingin er úr eins vönduðu efni og kostur var, þó fengum við gallað net sem töf og kostnaður var við að lagfæra. Lengd girðingarinnar er 7.650 metrar og er vinnukostnaður orðinn samtals 529 þús. kr.

B. Viðhald girðinga.

Viðhald girðinga var með hefðbundnum hætti. Var reynt að ljúka viðgerðum eins snemma og kostur var eða áður en bændur ráku á fjall, svo ekki fylltist af fé í girðingunum áður en viðgerð var lokið. Vinnulaun vegna viðhaldsins í Þjórsárdal og Þórsmörk var 156 þús. kr.

Reykjahjáleiga.

Viðgerð á girðingunni var unnin í apríl. Tók verkið 2 daga.

Haukadalur.

Greipur Sigurðsson hefur séð um viðhald girðingarinnar um allmörg ár og gerði það einnig í sumar. Óeðlilegt var hvað margt fé var í girðingunni og lét ég því fara með henni seinnipartinn í sumar. Þá kom í ljós að girðingin er sæmileg á suðurkantinum sem snýr að Geysi og Helludal. Á öðrum stöðum er hún mjög léleg og fé getur gengið þar út og inn eftir vild. Að mínu mati þarf að lagfæra girðinguna mjög mikið, hvort sem það verður gert á næsta ári eða síðar.

Laugarvatn.

Girðingunni ekki haldið við þar sem verið var að girða nýja, en töluvert lagt í smalanir og sá Pálmi Pálsson á Hjálmstöðum um það að venju.

Skarfanæs.

Arni Arnason í Klofa sá um viðhaldið á girðingunni eins og áður. Nú hagar þannig til að nauðsynlegt er að skógræktin girði sitt land af sérstaklega, því Landgræðslan er farin að leyfa beit á uppgræðslum sínum og er því opin leið fyrir búpening inn á Skarfanæsland. Væntanleg girðing er um 6 km að lengd.

Þórsmörk.

Farið var á Þórsmörk til viðgerða á girðingunni 4. júní. Áður hafði verið flutt girðingarefni inn á Krossáraura og þaðan með þyrlu Landhelgisgæslunnar inn á Svínatungur. Gekk sá flutningur vel, en varð nokkuð kostnaðarsamur. Mikinn áhuga hef ég á því að gera akfæra braut úr Tindfjallagili og inn Svínatungur. Það mundi létta mikið viðhaldið á girðingunni.

Í sumar var ^{Körður} ~~maður~~ á Þórsmörk og stuggaði hann fé úr girðingunni, kom það að nokkru gagni því sjaldan hefur verið eins fátt fé í Þórsmörk hin síðari ár eins og í sumar. Aftur á móti var töluvert fé á Goðalandi seinnipart sumars, kenni ég það mestan part hliðinu við Álfakirkju, sem oft var opið. Akjósanlegt væri að setja þar ristarhlið vegna bílaumferðar í Langadal.

Þjórsárdalur.

Viðgerð á Þjórsárdalsgirðingu hófst 11. júní. Það er lítið um viðgerðina að segja, hún er með hefðbundnum hætti. Girðingin er orðin gömul og viðhaldskostnaður verður alltaf meiri og meiri eftir því sem árin líða. Teknir hafa verið fyrir kaflar og þeir endurgirtir og þannig endurnýjast girðingin smátt og smátt. Á nokkrum stöðum þyrfti að breyta girðingarstöði s.s. í Blakkdal, þar sem Þverá skemmir hana á hverjum vetri.

5. Gróðursetningar Skógræktar Ríkisins á Suðurlandi 1974.

Haukadalur:

Sitkagreni	Homer	3/1 mób	3.000	T	R 1011
					R 1024

Þjórsárdalur:

Rauðgreni	Vang Löten	3/1 mób	5.000	T	R 2913
Rauðgreni	Trysil	2/3	9.000	H	R 2913
Sitkagreni	Cordova	2/3	7.000	T	R 2038
Sitkagreni	Homer	3/1 mób	2.700	T	R 2038

Skarfanæs:

Stafafura	Skagway	2/2 mób	3.350	T	R 1314
-----------	---------	---------	-------	---	--------

Ölversholt Holtum:

Birki	Háll	2/0	1.000		
Birki	Hall	1/1 mób	200		
Stafafura	Skagway	2/1 mób	3.000		

Ölvisholt Hraung.hr.

Sitkagreni	Cordova	2/2	200		
Stafafura	Skagway	2/1 mób	200		
Lerki	Altaí	1/1 mób	200		

Gróðursetningar Skógræktarfélags Árnessinga 1974.

Snæfoksstaðir.

Stafafura	Skagway	B 782	2/2 mób.	T	4.650	
Stafafura	Anaheim	B 670	2/2	T	150	
Sitkagreni	Cordova	B 713	2/2	T	1.320	
Bergfura	Pýr		2/2	F	7.600	
Stafafura	Skagway	B 782	2/1 mób	T	4.000	17.720

Minningarreitur Árna Tómassonar.

Stafafura	Skagway	B 782	2/1 mób	T	600	
Sitkagreni	Cordova	B 713	2/2	T	100	
Bergfura	Pýr		2/2	F	200	900

Sumarbústaðalönd Snæfoksstöðum .

Sitkagreni	Cordova	B 713	2/2	T	100	
Sitkagreni	Homer	B 712	3/1 mób	T	500	
Stafafura	Skagway	B 782	2/1 mób	T	200	
Bergfura	Pýr		2/2	F	200	
Lerki	Altai	B 736	1/1 mób	T	200	1.200

Glymskógagirðing.

Stafafura	Skagway	B 782	2/1 mób	T	2.650	
Sitkagreni	Cordova	B 713	2/2	T	2.930	5.580

Hrunamenn - Högnastaðagirðing

Birki	Hall		2/0	V	1.000	
Sitkagreni	Cordova	B 713	2/3	T	1.010	
Sitkagreni	Cordova	B 747	2/2	T	1.000	
Rauðgreni	Verran lev	B 703	2/3	T	800	
Stafafura	Anaheim	B 670	2/2	T	2.000	
Síberíulerki	Altai	B 736	1/1 mób	T	700	6.510

Hvergerðingar.

Sitkagreni	Cordova	B 713	2/3	T	100	
Stafafura	Anaheim	B 670	2/2	T	100	
Birki	Hall		2/0	M	1.000	1.300

Gulverjar

Birki	Hall		2/2	T	350	
Sitkagreni	Cordova	B 713	2/3	T	125	
Stafafura	Anaheim	B 670	2/2	T	225	700

Sandvíkurhreppur

Stafafura	Anaheim	B 670	2/2	T	1.475	
Birki	Hall		2/0	V	1.250	2.725

Hraungerðisgirðing .

Stafafura	Skagway	B 782	2/1m	T	100	
Sitkagreni	Hómer	B 712	3/1 m	T	100	

Einstaklingar.

Sitkagreni	Cordova	B 713	2/3	T	1.160	
Sitkagreni	Homer	B 712	2/1 m	T	210	
Birki	Hall		2/0	V	1.400	
Stafafura	Skagway	B 782	2/1 m	T	900	<u>3.670</u>

40.505.

6. Hirðing.

A. Hreinsun.

Í Þjórsárdal voru kjarrsagirnar notaðar til að hreinsa teinung í Lambahöfða, í jólatrjáagróðursetningu frá 1964 (R 2913). Var það gert í byrjun ágúst. Einnig var hreinsað í Pallarreitunum 2904 og 2910, frá 1964, en þeir eru í Lambahöfðagili. Stæstu þallirnar eru komnar hátt í tvo metra.

Um miðjan ágúst var byrjað að fella skjólbelti og saga teinung í sunnanverðum Selhöfðanum (R 2415) og haldið norður hlífina. Eingöngu voru notaðar kjarrsagir. Var verið að þessu í hálfan mánuð rúman og liðlega hektari tækinn fyrir.

Þá var teinungur sagaður í Sitkagrenireitnun fyrir ofan Perlu í Hvammsárdal (R 2135).

Í Haukadal var verið í 3 vikur. Hreinsað var milli Rauðgreniskápanna í Austmannabrekku og síðan plantað þar sitkagreni, Hómer 3/1 móband. Þá var og grisjaður (rásagrisjaður) reitur 1024, en hann er á Svartagilsbrún vestanverðri.

Sitkagrenireitur R 2043^{Baslar} var tekin fyrir og höggvið frá toppum og notaðir við það sniðlar. Þar er rúmlega meters hátt þétt kjarr um allan reitin og standa sitkagrenitopparnir uppúr eða eru alveg að komast upp úr kjarrinu og ættu eftir þessa hjálp að geta vaxið klakklaut. Greinar þær sem niðri í kjarrinu/eru, eru þó nokkuð grannar og þróttlitlar, en greinar ofan kjarrsins greinilega langtum bústnari og kraftmeiri. Hér er spurning um hvort saga eigi frá, eða treysta því að grenið klári sig sjálf og þá með metersháum, næstum greinalausum legg.

Í Skarfanesi var höggvið ofan af Sitkagreni sem var þar á kafi í birki. Komu þar í ljós um 200 plöntur, mjög mis-háar, eftir því hversu misjafnt þær höfðu verið á kafi í birki, en virðast allar mjög þróttmiklar. Hæstu trén í þessum reit (R 1313) voru um 3 metrar.

Þá var og hreinsað til í stafafurureit Skagway "57, R 1425.

B. Áburðargjöf.

Borið var á í rauðgrenigróðursetningu frá 1964, í Lambahöfða (R 2913) ofan vegarins. Notað var um 800 kg tvígilds áburðar og honum dreift með tveim dreifurum sem keyptir voru í vor og reyndust á margan hátt vel, þótt þeir kannski flýti ekki mikið fyrir dreifingunni. En þessir dreifarar eru spenntir á bakið á manni eins og bakpoki, og eru því ekki eins þreytandi að bera og fötur eða pokar.

Kostnaður við áburðardreifinguna nam um kr 10 þús. og kaup á áburði um kr 15.þús.

C. Grisjun.

Í Þjórsárdal var nokkuð land til græsjað frá í fyrra svo horfið var á það ráð að setja tvo menn í grisjun með kjarrsagir strax, en hina í plöntun og höfðu grisjararnir vel undan. Grisjað var í Hvammsárdal í svokallaðri Hlíðartorfu (2038 og 2136).

Grisjað land sem plantað var í 1974, 2,00 ha (R 2038)

Grisjað land óplantað til næsta árs 0,84 ha (R 2136)

Í Haukadal voru grisjaðar nokkrar rásir á Svartagilsbrún vestanverðri, stæx austan reits R 1021 og var þá kominn reitur 1024 sem plantað var í Sitkagreni.

Kostnaður við grisjun 1974 kr 37.983,00.

7. Vegagerð.

Unnið var við vegagerð í Haukadal og vegur ruddur inn Miðhlíðina neðan Austmannabrekku. Neðra furubeltið í Austmannabrekku var höggvið 1973 og vegurinn lagður þar sem það áður stóð. Til verksins var notuð hin mjög svo aldna jarðýta skógræktarinnar T.D.6. Sóttist verkið hægt en öruggt og ekki bilaði jarðýtan gamla, öllum til mikillar undrunar.

Brú var gerð á Svartagil. Notaðir voru til þess búkkar úr gömlum radiómöstrum, sem mjög er vinsælt brúargerðarefni í Haukadal. Á búkkana var svo fest gamalt blikk og bárujárn og jarðvegi síðan ýtt yfir. Nú eru allir búkkar búnir og skortur fyrirsjáanlegur á brúargerðarefni, svo best væri að fara að hafa á sér andvara um útvegum á meiru slíku.

Borið var ofan í vegi í Haukadal og Þjórsárdal. Í Haukadal; frá Kirkjuveginum og upp fyrir Svartagil. Í Þjórsárdal; í vegi inn Hvammsárdal og allt inn áð Hlíðartorfulæk.

Leigð var ámokstrarskófla og vörubíll til verksins, en eignig var notaður vörubíll skógræktarinnar L 233.

8. Ýmislegt.

A. Jólatrié.

Um mánaðarmótin okt - nóv var byrjað að höggva jóla-
tré. Í Þjórsárdal voru tekin 780 tré, í stærðunum
0,70 - 1,75 m., en í Haukadal 121 tré 0,70 - 4,40 m.
Samtals verða þetta 901 tré. Eftir okkar útreikningi
ættum við að fá fyrir þau kr 577.620,00 eða kr 641,00
að meðaltali fyrir hvert tré, en eftir flokkun hjá
Landgræðslusjóði verður útkoman víst önnur og okkur
þá í óhag.

B. Ferðafólk.

Eins og undanfarandi ár var straumur af ferðafólki
í skóglendi í sumar. Umsjónarmaður var í Þjórsárdal
um helgar, en í Þórsmörk var ^{Vísun} ~~maður~~ í allt sumar, kostaður
af náttúruverndarráði. Allt gekk áfallalaust í sumar,
en bæta mætti aðstöðu víða og þá sérstaklega fjölga
kómrum.

C. Fundahöld og ferðir.

28. febr - 6 mars sat ég árlegan starfsmannafund
skógræktarstjóra og skógarvarða í Reykjavík, þar sem
rædd voru fagmál, fjármál og gerð starfsáætlun skóg-
ræktar ríkisins fyrir árið 1974. 30 sept og 1. okt
fóru flestir starfsmenn skógræktarinnar kynnisferð
um skóglendi í Árnes og Rangárvallasýslum, og eftir
þá ferð var fundur í Reykjavík í 3 daga og þar rædd
ýmis fagmál og framtíðarverkefni.

Yfir sumarið var farið í margar ferðir í skóglendi
á suðurlandi til vinnu, eftirlits með gróðri og
girðingum.

30 - 31 ágúst sat ég aðalfund Skógræktarfélagss
Íslands, sem haldinn var að Núpi í Dýrafirði. Einnig
mætti ég á mörgum fundum hjá skógræktarfélagum hér
á suðurlandi.

Selfossi 31/12 1974.

Gautar Jónsson